

Alþingi
Erindi nr. P 139/533
komudagur 29.11.2010

From: Ása Ólafsdóttir [mailto:asaolafs@hi.is]
Sent: 29. nóvember 2010 12:41
To: Eiríkur Áki Eggertsson
Subject: Re: Efnahags- og skattanefnd - mál nr. 206 (uppgjör gengistrygg= Føra lána)

Sæll Eiríkur,

Þetta eru í stuttu máli hugleiðingar mínar um tiltekin sjónarmið sem hafa má í huga við uppgjör gengislánanna. Ég tek fram að þetta eru almennar hugleiðingar mínar, aðallega út frá reglum samningaréttar og út frá neytendasjónarmiðum.

En sem sagt:

Eftir dóma Hæstaréttar frá 16. júní 2010 var komin upp sú staða að kjör gengistryggðra lánasamninga voru í reynd neytendum mjög í hag, en lánveitendum mjög í óhag. Slík lán hafa aldrei staðið neytendum til boða á íslenskum lánamarkaði, einkum ef lítið er til húsnæðislána þar sem lánstíminn er 30 ár eða lengri. Í því ljósi verður að skoða dóm Hæstaréttar frá 16. september sl.

Ef tekin eru sérstaklega til skoðunar lánasamningar milli neytenda og lánveitenda, hafa neytendur flestir greitt af lánum sínum og haldið þeim í skilum fram til þess að þau margfölduðust að verðgildi. Í flestum tilvikum mun framkvæmdin hafa verið sú að neytendur hafi fengið tilkynningu um útreikning afborgunar auk greiðslubeiðni í heimabanka. Báðir aðilar, neytandi og lánveitandi, stóðu því í þeirri röngu trú að afborganir lána væru greiddar með réttum hætti á gjalddögum, allt fram til þess að Hæstiréttur dæmdi verðtryggingarákvæði lánasamninganna ógilt í júní sl.

Um ranga trú samningsaðila við gerð og framkvæmd samninga er fjallað í 32. gr. samningalaga. Af þeirri reglu má ráða að hægt er að ógilda rangar greiðslukvittanir, ef annar hvor aðila vissi eða mátti vita um villuna (um hinar röngu forsendur; hér ólögmat gengistrygging). Að vísu hefur Hæstiréttur dæmt greiðslukvittanir afborgana ógildar á grundvelli 32. gr. samningalaga (m.ö.o. lítið fram hjá þeim við uppgjör lánasamnings), þ.e. í H 1998 á bls. 1653. Þar voru málsatvik um margt afar sérstök og líklega ekki hægt að draga neinar ályktanir af þeim dómi um þá lánasamninga sem fjallað er um í frumvarpinu.

Það sjónarmið hefur einnig komið fram í dómum Hæstaréttar að á bönkum og fjármálastofnunum hvíli rík krafa um vandvirkni og varúð í viðskiptum. Má nefna sem dæmi H 1995 á bls. 453, þar sem vísað er til sérþekkingar banka í viðskiptum með verðbréf og til þess að gera verði ríkar kröfur til banka um vandvirkni og varúð í viðskiptum með verðbréf. Í dómi héraðsdóms var einnig tekið fram að bankar þurfi að hafa sanngirni og heiðarleika að leiðarljósi í viðskiptum við lántakendur.

Nú er komið að uppgjöri gengislánasamninga. Það er því uppi spurning um hver eigi að bera hallann af því við uppgjörið, að neytendum var boðið upp á lánasamninga þar sem í voru ákvæði um ógilda verðtryggingu. Þar sem gerð er rík krafa til fjármálafyrirtækja um sérfræðipekkingu og vandvirkni í viðskiptum við lántakendur, auk þess sem neytendur voru í góðri trú um að þeir hefðu greitt réttilega af lánum sínum, taldi ég að komast mætti að þeirri niðurstöðu að fjármálafyrirtæki áttu hér að standa við og efna þær tilkynningar sem þau hefðu gefið út við framkvæmd lánasamninganna, allt fram til þess að gengistryggingin var dæmd ólögmat.

Við uppgjör lánasamninga milli neytenda og lánveitenda, þ.e.a.s. ef neytandi hefði greitt af lánum sínum samkvæmt ákvæðum upphaflegs lánasamnings, mætti því a.m.k. ekki líta svo á að neytendur hefðu vangreitt hluta afborgana. Leit ég m.a. til þess sem fram kom í öðru þeirra mála sem dæmd voru í Hæstarétti þann 16. júní 2010 (mál nr.

92/2010). Þar kom fram í niðurlagi dóms Hæstaréttar: „Í málinu hefur stefndi ekki gert kröfu til vara um að áfryjandi verði dæmdur til að greiða sér tiltekna fjárhæð, sem kynni að standa eftir af skuld hans án þess að fjárhæð hennar væri reiknuð með tilliti til bindingar við gengi erlendu gjaldmiðlanna, sem um ræddi í samningi þeirra. Að því virtu verður áfryjandi sýknaður af kröfu stefnda.“

En eins og marg oft hefur komið fram, féllst Hæstiréttur ekki á þessi sjónarmið í dóminum frá 16. september sl., heldur taldi að þar sem svo órjúfanleg tengsl væru milli ákvæðis vaxta og verðtryggingar, væri hægt að endurreikna lánin frá upphafi. Sú leið er farin í frumvarpinu.

Verði frumvarpið að lögum, tel ég því rétt að fram komi sá skýri vilji löggjafans að með lagasetningunni sé ekki verið að útiloka hugsanlegan betri rétt neytenda. Geyma verður neytendum allan betri rétt, þ.m.t. til hugsanlegra skaðabóta úr hendi fjármálafyrirtækja.

Biðst svo fyrirfram afsökunar á því hversu langt þetta varð hjá mér ...

Bkv. Ása

> Sæl Ása,

>

> Í tengslum við ofangreint mál og fund sem þú átti með efnahags- og
> skattanefnd fyrr í vikunni.

>

> Í framhaldi af þeim fundi spyr Eygló Harðardóttir þingmaður hvort þú
> hafir tækifæri til að setja niður á blað það sem komið hafi þér á
> óvart í tengslum við dóm Hæstaréttar frá 16. september sl. að því er
> varðar uppgjör þeirra gengistryggðu lána sem dæmd höfðu verið ólögmat
> með dómi réttarins frá 16. júní sl.

>

> Kv. Eiríkur Áki

>